


Upplýsingar til viðskiptavina vatnsveitu Norðurorku á Svalbarðsströnd

Enn er að mælast mengun í vatninu á Svalbarðsströnd og því áfram nauðsynlegt að sjóða allt neysluvatn. Því miður er ekki hægt að segja til um hve lengi þetta ástand varir.

Erfitt er að átta sig á uppruna mengunarinnar. Við bundum framan af vonir við að með því að hafa borholuna eina í notkun myndum við sjá breytt mynstur. Það er ekki að nást því mengun er af og til að mælast í vatnsbólunum sem og í kerfinu öllu.

Með framanritað í huga þurfum við að undirbúa framkvæmdir við að lýsa vatnið frá vatnsbólunum. Keyptur verður þar til gerður lýsingarbúnaður og honum komið fyrir á stofnlögninni skammt sunnan við vatnsbólin.

Þessi aðferð við að hreinsa vatn er mjög vel þekkt og notuð á nokkrum stöðum á Íslandi og að sjálfsögðu víða um heim. Tæknin virkar þannig að vatnið fer í gegnum þar til gerðan hólk og inn í honum eru perur sem senda stöðugt frá sér útfjólublátt ljós (e. ultraviolet) sem lýsir vatnið og drepur gerla sem kunna að hafa komist í vatnið (virkar með sama hætti og sólarljósið). Almennt ganga þessi tæki undir nafninu UV-lýsing.



Dæmi um tæki til UV-lýsingar



Dæmi um tæki til UV-lýsingar

Óvíst er hvað það mun taka okkur langan tíma að koma þessum búnaði upp. Velja þarf heppilegt tæki, gera innkaup, útvega húsnæði fyrir það o.s.frv. Allt kapp verður lagt á að þessi tími verði eins stuttur og kostur er.

Hvort vatnið í Svalbarðsstrandarveitu verður lýst til framtíðar á eftir að koma í ljós. Við munum leita leiða til þess að koma vatnbólunum í það horf til framtíðar að þess þurfi ekki. Miðað við hvað á hefur gegnið hingað til er of snemmt að fullyrða um hvort það tekst.

Áfram verða tekin sýni úr veitunni eins og hingað til. Áfram er nauðsynlegt að sjóða allt vatn til beinnar neyslu. Við munum senda út frekari upplýsingar um stöðu mála í næstu viku.

Akureyri, 30. apríl 2015

Með kveðju, starfsfólk Norðurorku